



Umhverfis- og skipulagssvið - skrifstofa sviðsstjóra

Reykjavík, 2. júlí 2026

USK25040233

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarráðs frá 2.7.2026 varðandi eftirfarandi mál:

USK - Borgarholt II - Engjahverfi C - Breyting á deiliskipulagi vegna nýrrar lóðar við Starengi - til afgreiðslu

Lagt fram að nýju bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 7. maí 2026, sbr. samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 6. maí 2026 á auglýsingu á tillögu að breytingu á deiliskipulagi Borgarholts II, Engjahverfis C, vegna nýrrar lóðar við Starengi, ásamt fylgiskjöllum, sbr. 1. lið fundargerðar borgarráðs frá 21. maí 2026. Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Ólöf Örvarsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fyrirliggjandi tillaga er hluti af þéttingaráformum fyrri meirihluta í Grafarvogi. Íbúar í Grafarvogi hafa ítrekað lýst yfir skýrri andstöðu við áform um þéttingu innan hverfisins og eru margir orðnir brenndir af vinnubrögðum tveggja síðustu meirihluta. Íbúar Grafarvogs hafa jafnframt ítrekað lýst áhyggjum af því að leiðir inn og út úr hverfinu séu sprungnar og á meðan ekki hefur verið fundin lausn á því máli er tómmt mál að tala um að fjölga íbúum í hverfinu. Mikilvægt er að virða vilja nærumhverfisins og horfa fremur til uppbyggingar á nýjum svæðum þar sem hægt er að byggja upp húsnæði með betri heildarsýn, sterkari innviðum og minni neikvæðum áhrifum á gróin hverfi. Nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknar hét því að falla frá fyrirhugaðri þéttingu í Grafarvogi og skoða ný tækifæri í samráði við íbúa á fyrstu 100 dögum nýs kjörtímabils. Því er frekari afgreiðslu borgarráðs á tillögunni hafnað og henni vísað aftur í umhverfis- og skipulagsráð.

Áheyrnarfulltrúi Vinstreisins leggur fram svohljóðandi bókun:

Mikil þörf er á húsnæði á viðráðanlegu verði. Hluti af þróun húsnæðisuppbyggingar í Grafarvogi eru reitir þar sem fyrirhugað er að byggja upp óhagnaðardrifið húsnæði í samstarfi við óhagnaðardrifið uppbyggingarfélög og tryggja þannig fjölbreyttum tekjuhópum og tekjulágum þak yfir höfuðið og aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði.

Helga Björk Laxdal
e.u.



Reykjavík